

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Leikskólalóð og einbýlishúsalóð í Bjargslandi, Borgarnesi. Breyting á deiliskipulagi.

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi fyrir leikskólalóð og einbýlishúsalóð í Bjargslandi, Borgarnesi, frá árinu 2006, á fundi sínum 1. desember 2023. Fyrirhuguð stækkun á leikskóla kallar á tilfærslu á bílastæðum og eru tvær einbýlishúsalóðir teknar undir þau. Gerð var breyting á aðalskipulagi samhliða.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 20. desember 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Þóra Margrét Júlíusdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 8. janúar 2024